

REGLUGERÐ

um innleiðingu viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd)

1. gr.

Ákvæði viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) skal hafa reglugerðargildi hér á landi. Viðaukinn er prentaður sem fylgiskjal reglugerðar þessarar.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 56/2007 um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 11. ágúst 2009.

Gylfi Magnússon.

Jónína S. Lárusdóttir.

FYLGISKJAL**VIÐAUKI****Tilskipanir og reglugerðir sem falla undir a-lið 3. gr.**

1. Tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar (Stjórnartíðindi EB L 250, 19. september 1984, bls. 17). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 97/55/EB (Stjórnartíðindi EB L 290, 23. október 1997, bls. 18).
2. Tilskipun ráðsins nr. 85/577/EBE frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva (Stjórnartíðindi EB L 372, 31. desember 1985, bls. 31).
3. Tilskipun ráðsins nr. 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán (Stjórnartíðindi EB L 42, 12. febrúar 1987, bls. 48). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/7/EB (Stjórnartíðindi EB L 101, 1. apríl 1998, bls. 17).
4. Tilskipun ráðsins nr. 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur, 10.-21. gr. (Stjórnartíðindi EB L 298, 17. október 1989, bls. 23). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 97/36/EB (Stjórnartíðindi EB L 202, 30. júlí 1997, bls. 60).
5. Tilskipun ráðsins nr. 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka (Stjórnartíðindi EB L 158, 23. júní 1990, bls. 59).
6. Tilskipun ráðsins nr. 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum (Stjórnartíðindi EB L 95, 21. apríl 1993, bls. 29). Tilskipuninni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2002/995/EB (Stjórnartíðindi EB L 353, 30. desember 2002, bls. 1).
7. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 94/47/EB frá 26. október 1994 um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni (Stjórnartíðindi EB L 280, 29. október 1994, bls. 83).
8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga (Stjórnartíðindi EB L 144, 4. júní 1997, bls. 19). Tilskipuninni var breytt með tilskipun nr. 2002/65/EB (Stjórnartíðindi EB L 271, 9. október 2002, bls. 16).
9. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 97/55/EB frá 6. október 1997 um breytingu á tilskipun 84/450/EBE varðandi villandi auglýsingar þannig að hún taki einnig til samanburðarauglýsinga (Stjórnartíðindi EB L 290, 23. október 1997, bls. 18).
10. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/6/EB frá 16. febrúar 1998 um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum (Stjórnartíðindi EB L 80, 18. mars 1998, bls. 27).
11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1999/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi (Stjórnartíðindi EB L 171, 7. júlí 1999, bls. 12).
12. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti) (Stjórnartíðindi EB L 178, 17. júlí 2000, bls. 1).
13. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum: 86.-100. gr. (Stjórnartíðindi EB L 311, 28. nóvember 2001, bls. 67). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun nr. 2004/27/EB (Stjórnartíðindi ESB L 136, 30. apríl 2004, bls. 34).
14. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur (Stjórnartíðindi EB L 271, 9. október 2003, bls. 16).
15. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. (EB) nr. 261/2004 frá 11. febrúar 2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður (Stjórnartíðindi ESB L 46, 17. febrúar 2004, bls. 1).
16. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum (Stjórnartíðindi ESB L 149, 11. júní 2005, bls. 22).

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.